



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á fjölskylduhátíð**  
**á Höfn í Hornafirði**  
**í opinberri heimsókn til Austur-Skaftafellssýslu**  
**25. apríl 2006**

Góðir Hornfirðingar,  
Skaftfellingar  
Ágætu samkomugestir

Það voru þróttmikil börn, einörð og hress sem heilsuðu okkur Dorrit þegar dagskrá okkar hófst í morgun, yngsta kynslóðin í Hornafirði, arftakar fólksins sem byggt hefur bæinn, ungmenni sem veita fyrirheit um sóknðjarfa framtíð.

Bragurinn á æskufólki er vísbending um andann sem ríkir í byggðum landsins og hið upplitsdjarfa unga fólk sem við höfum hitt í dag, í Lönguhólum og Krakkakoti, í Hafnarskóla og Heppuskóla, í Fjölbrautaskóla Austur-Skaftfellinga og vítt og breitt á ferð um bæinn eru gleðilegur vitnisburður um hve vel þið hlúið að æskunni og hve ríkulegan metnað þið leggið í að veita henni veganesti sem duga mun á langri ævi.

Breytingarnar sem orðið hafa í sýslunni allri, á Höfn og í nágrennasveitum, eru slíkar að hægt er með sanni að tala um afrek kynslóðanna sem gengnar eru eða njóta nú hárrar elli.

Þegar ég kom hér fyrst fyrir áratugum var enn á lífi heiðursfólk sem mundu þá Höfn þegar húsin voru næsta fá, mundu baráttuna frá fyrstu árum Kaupfélagsins, hvernig hafnleysi og margvíslegir erfiðleikar hömluðu útgerð, hvernig fátækt setti svip á mannlíf allt og einangrun frá öðrum byggðum, samgönguleysið, skapaði ugg í brjósti þegar sjúkdóma eða slys bar að höndum.

Það var kjarkmikið fólk sem á fyrri tímum stundaði búskap og sótti sjóinn, fólk sem háði einvígi við náttúruöflin, tókst á við jökulhlaup og eldsumbrot úr iðrum jarðar, hélt yfir stórfljót þegar nauðsyn krafði.

Já, lífsbaráttan var hörð og tvísýn, örlögin oft ærið grimm; frásagnir fluttar mann fram af manni af fólkinu sem fórst í aftakaveðrum eða á flóttu frá eldgosunum. Á einum góudegi drukknuðu hundrað menn á sautján bátum; vinnukonur og smali týndu lífi þegar gaus efst í Sandfellsfjalli.

Okkur var hugsað fyrr í dag til þessa fólks, kynslóðanna sem á öldum áður helguðu sýslunni krafta sína og létu hvorki fátækt né erlenda áþján aftra för; já, okkur var hugsað til þeirra þegar við gengum um glæsileg húsakynni sem nú eru búin æskufólki og heimsóttum fyrirtækin sem sókndjörf efla atvinnulífið, en einkum þó á góðri stund sem við áttum með öldruðum á sambýlinu þar sem samræðurnar minntu á hve stutt er síðan Íslendingar hófu sig úr sárri fátækt, komust til bjargálna og svo alsnægta á okkar tímum þótt enn glími margir við erfiðleika.

Ég hef áréttað að undanfögnu, bæði í nýársávarpi frá Bessastöðum og í málflutningi á opnum fundum, að brýna nauðsyn beri til þess að við sýnum kynslóðunum sem hófu Ísland úr örbrigð til bættra kjara þann sóma sem skyldan býður, búum þeim skilyrði til að njóta ellidaga, tryggjum þeim umönnun, atlæti og hjúkrun svo þau geti áhyggjulaus glaðst yfir dagsverkunum sem þau inntu af hendi í okkar þágu.

Við skynjuðum hjónin slíkan þakklætishug þegar við heimsóttum Ekruna og Hjúkrunarheimilið fyrr í dag. Ógleymanleg verður stundin sem við áttum með Sólveigu Pálsdóttur frá Svínafelli sem fædd var áður en Íslendingar fengu Heimastjórn, þegar danskur kóngur hafði örlög og völd í hendi sér og þjóðin þurfti að sækja aukinn rétt yfir hafið.

Það er í rauninni kraftaverk hve kynslóðin hennar Sólveigar hefur skilað okkur miklu, hve traustur grundvöllurinn reyndist sem lagður var í árdaga síðustu aldar. Án framlags fólksins sem þá kom til verka og hinna sem tóku til hendi á tímum heimsstyrjalda og kreppunnar miklu eða á byrjunarskeiði kalda stríðsins hefðu Íslendingar ekki náð í fremstu röð, nytu ekki hagsældar á við það besta sem þekkist í veröldinni, menntunar og heilsugæslu, samgangna sem gera greiðfært um landið allt.

Við sjáum hér á Höfn og í sýslunni allri verksummerki þessarar framfararsóknar, hvernig byggðin er komin í alfaraleið, orðin áningarstaður þúsunda á ári hverju, tugþúsunda sem sækja Ísland heim og mun sú tala vaxa enn.

Á komandi árum mun mikill fjöldi sem nú er að efnast í fjarlægum álfum stefna för á ykkar slóðir til að njóta stórbrotinnar náttúrunnar, sjónaspilsins sem máttaröflin hafa sett hér á svið, víðáttunnar, jöklasýnar, svartra sanda, gróðurlendis sem kallast á við umbrotin frá eldgosunum.

Slík náttúrufegurð á sér engan líka í veröldinni, er í ætt við hulduheima, fjársjóður ekki aðeins fyrir okkur heldur einnig mannkyn allt, bæði nú en þó enn frekar í framtíðinni því fáir staðir jafnast á við sýsluna ykkar.

Þess vegna er unnið að því að setja þjóðgarðinn í Skaftafelli á heimsminjaskrá, töfluna þar sem skráð eru verðmætustu undrin sem á jörðu finnast.

Þess vegna koma fremstu vísindamenn og sérfræðingar á heimaslóðir Skaftfellinga því hér gefast ótal tækifæri til að rýna í lögmál náttúrunnar, leita að skýringum á þróuninni, sjá merki þess hvernig loftslag jarðar er að breytast, greina hættur sem kunna að steðja að mannkyni öllu ef jöklar bráðna og sjávarborð lyftist vegna mengunar sem þjóðir heims hafa ekki enn náð að hemja.

Orðspor Skaftafellssýslu hefur farið um veröld víða og æ fleiri munu láta drauminn rætast og koma hingað því hvergi í Evrópu er að finna slík náttúruundur og jafnvel ekki þótt víðar sé leitað.

Milljónir sem í borgum búa geta öðlast hér einstaka reynslu, skynjað sköpunarkraftinn í almættinu, fundið hve veikburða maðurinn er andspænis ógnarkröftum náttúrunnar.

Hér geta góðir gestir orðið einir með sjálfum sér, einir í töfrahöll sköpunarverksins og öðlast þannig sáluhjálp, skjól frá áreitinu sem stórborgir skapa.

Erlendur fræðimaður spurði svo í merkri bók um ríki Vatnajökuls: „Var fallett þar? Þeirri spurningu er afar erfitt að svara, því að útsýnið hringinn í kringum okkur var gjörólíkt öllu sem ég hef séð í öðrum löndum ... Hvergi í veröldinni býst ég við að neitt sambærilegt sé til, og það var ekki unnt að bera það saman við neitt, sem menn eru orðnir vanir að kalla fallett eða ljótt. Það var einhvern veginn öldungis einstætt án þess að gera þyrfti neina tilraun til þess að tengja það þekktum minningarmyndum af því, sem menning og smekkur eru búin að ætla ákveðið fegurðargildi. Náttúran ein talaði sínu sterka, einfalda máli.“

Þannig mælti hinn virti jöklafræðingur sem víða hafði farið um veröldina og kannski eigum við erfitt með Íslendingar og einkum þið í Skaftafellssýslu sem alist hafið upp við forréttindin að njóta hér einstæðrar náttúru á degi hverjum – eigum erfitt með að skilja til hlítar hvílíkan fjársjóð er hér að finna, hvílík forréttindi en líka ábyrgð felast í því að vera af forlögnum falið að gæta þessa gullna hliðs – inngangsins að töfrahöll náttúrunnar.

Eitt er þó víst að það mun reynast vandaverk að taka á móti vaxandi fjölda á komandi árum, fjölda sem gæti innan tíðar farið framúr íbúatölu Íslands alls.

Hundruð þúsunda munu vilja koma hingað, ekki aðeins á sumrin heldur jafnvel að vetri því æ fleiri sækjast nú eftir því að njóta birtunnar sem þá leikur um fjöllin, sjá jöklana í skammdeginu, fara um sanda í ljósaskiptum eða vetrarmyrkri og horfa upp í stjörnuþjartan himininn þar sem norðurljósinn stíga dans.

Nú þegar eru Japanir farnir að ferðast til Íslands eingöngu til að sjá norðurljósinn svo að kannski var það ekki svo fjarstæðukennt hjá skáldinu Einari Benediktssyni að ætla á síðustu öld að selja Englendingum þessi himnaundur.

Engin atvinnugrein vex hraðar í veröldinni en ferðamennskan og mun þó sá vöxtur fyrst keyra um þverbak þegar hundruð milljóna Kínverja og Indverja fara að halda um heiminn í leit að töfrastöðum og ævintýrum.

Við Íslendingar höfum hlotið útnefningu hjá stjórnvöldum í Beijingborg sem æskilegur áfangastaður fyrir Kínverja alla, en þar í landi þurfa valdhafarnir að blessa áform um slíkar ferðir; ríflega 500 ferðaskrifstofur í Kína hafa nú heimild til að bjóða ferðir til Íslands. Það er með ólíkindum hve kunnugt landið okkar er orðið í Kína; rúmar 300 milljónir manna munu hafa horft á landkynningarþátt sem sýndur var í tengslum við heimsókn mína fyrir tæpu ári.

Já, við búum svo sannarlega í heimi breytinganna og veröldin tekur á sig nýjar myndir, en þá er líka mikilvægt að huga vel að arfleifðinni, missa ekki sjónar af vegvísunum sem sagan skóp, kunna að tvinna saman gamalt og nýtt, tryggja að ræturnar standi áfram djúpt, vera trúr heimaslóðum um leið og við nýtum tækifærin sem nýir tímar færa okkur.

Hér eystra eru margir áfangastaðir í þjóðarsögu, minnisvarðar um örlög fólks að fornu og nýju, allt frá upphafi Íslandsbyggðar. Hingað kom Ingólfur Arnarson og tók höfn á höfðanum sem við hann er kenndur, sat hér sinn fyrsta vetur og ákvað að gera Ísland að ættjörð sinni. Þó voru Papar komnir áður, írskir munkar fundu óbyggt land svo einstakt og fagurt að það færði þá nær almættinu.

Hér bjó Úlfljóttur lögsögumaður sem naut frægðar til forna þegar Alþingi var háð á Þingvöllum við Öxará. Hér var Flosi á Svínafelli sem höfundur Njálu gerði ódauðlegan, foringi brennumanna sem sagt er frá í merkri bók, ritinu sem sérfræðingar á heimsvísu töldu árið 2000 til hundrað merkustu bóka sem mannkyn hefur eignast.

Við gætum lengi kvölds þulið áfram nöfnin þeirra, stiklað á steinum í aldanna rás, heiðrað þau sem á undan fóru og skópu arfleifð sem okkur er kær.

Þórður Vídalín í Þórisdal var fyrir þrjú hundrum árum merkasti náttúrufræðingur þeirra tíma og að sögn besti læknir á landi hér, sannur fræðimaður enda áráttan til vísindastarfa löngum fylgt Skaftfellingum og eru Kvískerjabræður í nútímanum sönnun þess að vísindaiðkun getur skotið rótum víða, ritverk og frásagnir bænda orðið heimildir um þekkingarsköpun, dæmasafn um menningu Íslendinga eins og hún gerist best. Vettvangur þeirra bræðra og viðfangsefni voru blóm í haga, fuglar og fjöll, gosminjar og gönguslóðir, þjóðhættir og þjóðarsaga, samfylgd hests og húsbónda um sandauðnir og jökulár – íslensk náttúra og þjóðlíf í hnotskurn.

Svo er það mannlífið í Suðursveit sem Þorbergur gerði að efniviði, fágaði úr reynslu æskudaga einstakar perlur bókmenntanna, færði fólkið sem hann þekkti inn í helg vé þjóðarinnar, menningu sem fylgja mun Íslendingum um alla framtíð.

Stílsnilld Þorbergs hefur gert Hala í Suðursveit að eins konar Mekka allra sem bókmenntum unna, líkt og Gljúfrasteinn Halldórs Laxness og Skriðuklaustur Gunnars hafa orðið sérstök setur, áningarstaðir sem halda á lofti framlagi skálda. Með sama hætti þurfum við að sameinast um að sýna Hala sóma, tryggja í samvinnu við heimamenn, fjölskylduna, að Þorbergssetur hljóti verðugan heiðursess.

Það er heillandi að flétta saman söguna sem héraðið geymir og tækifærin til að skynja hér lögmálin sem mótað hafa náttúruna, en líka vandaverk að ákveða hvernig við veitum okkur sjálfum og hinum mikla fjölda sem hingað kemur innsýn í baráttu Skaftfellinga við máttarvöldin.

Við þurfum að vinna úr tækifærum sem nýr tíðarandi færir okkur, skynja hið jákvæða sem felst í breyttum viðhorfum til Móður Jarðar.

Við fáum nánast á hverjum degi nýjar fréttir af loftslaginu, hvernig bráðnun jökla er í vaxandi mæli vísbending um nýjar hættur.

Áður var það ríkjandi skoðun að allt væri í lagi, að mannkyn gæti óáreitt haldið áfram að menga; „lengi tekur sjórinn við,“ sögðum við jafnan Íslendingar.

Nú berast áköll úr vísindaheimi því æ fleiri rannsóknir sýna sömu niðurstöður: við blasir veruleg hættu ef mannkyn breytir ekki hegðun sinni og loftslag og lífsskilyrði í öllum álfum munu taka stakkaskiptum. Það gefast aðeins fáeinir áratugir til að grípa í tauma ef ekki á illa að fara.

Helsti mælikvarðinn felst í jöklum heimsins eins og myndir af fljótandi ísjökum í þekktum sjónvarpsstöðvum gefa til kynna. Því mun athyglin í vaxandi mæli beinast hingað, ekki aðeins vegna töfraheims sköpunarverksins sem hér er að finna heldur einnig vegna umhyggjunnar sem við berum öll gagnvart örlögum mannkyns.

Sú heimssýning sem helguð er náttúrunni er óvíða tilkomumeiri en hér um slóðir og þúsundir manna munu áfram koma hingað í pílagrímsför, fyllast lotningu og aðdáun á fegurðinni og strengja þess heit að tryggja ókomnum kynslóðum sömu sýn.

Þið eruð Skaftfellingar vel í sveit settir til að ganga til móts við þessa framtíð. Það sýnir árangurinn sem blasir hér við á öllum sviðum: menntasetur, fræðastöðvar, söfn í vexti, öflugt atvinnulíf og glæsilegur húsakostur. Þeir sem bjuggu á Höfn fyrir hundrað árum, jafnvel hálfri öld, myndu vart trúá eigin augum ef þeir gætu séð framfarirnar.

Verkin tala sínu máli og bjartsýnin er byggð á traustum grunni. Samtakamáttur hafa löngum reynst Hornfirðingum býsna vel. Því höfum við Dorrit fengið að kynna á góðum og fróðlegum degi og við þökkum ykkur einlæglega fyrir móttökurnar, hlýjan hug sem við höfum hvarvetna fundið, óskum ykkur allra heilla og vonum að sóknarandi forfeðranna muni áfram fylgja Skaftfellingum.